



Minnisblað

Efni: Áhrif samkomutakmarkanna á starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar

Fjölskyldu- og barnamálasvið

Fjöldatakmörkunir á starfsstöðvum og hólfaskipting hefur gert það að verkum að starfsmenn hafa þurft í auknum mæli að vinna að heiman. Slíkt hentar ekki öllum, það hefur í einhverjum tilvikum komið niður á vinnslu mála og valdið meiri einangrun þar sem lítið svigrúm er til að hittast. Einnig hefur það áhrif á félagsleg samskipti sem kemur niður á vinnuandanum.

Mæting starfsfólks stuðningsþjónustu á starfsstöðvar lagðist niður sem hefur haft losaraleg áhrif á starfsmannahópinn og dregið úr félagslegum samskiptum. Erfiðara hefur verið að koma fræðslu og upplýsingum til starfsmanna. Félagsleg samskipti eftir vinnutíma hafa ekki verið til staðar sem hefur haft áhrif á starfsandann. Aukið álag á starfsfólk vegna aukinna verkefna á borð við sóttþreinsun á öllum sameiginlegum snertiflötum og áhöldum.

Starfseiningar fyrir fatlað fólk

Starfsfólk hefur þurft að færast á milli starfseininga og þjónusta íbúa á heimili í stað vinnustaðar. Það hefur valdið óöryggi og auknu álagi að bregðast við svo miklum breytingum í starfsumhverfinu. Hólfun á svæðum hefur dregið úr samskiptum og valdið því að sumir hittast aldrei. Starfsmenn hafa þurft að nota hlífðarfatnað í starfi sínu og skipta um þegar farið er á milli starfstöðva sem veldur óþægindum í starfi, auknu vinnuálagi og þreytu.

Mennta- og lýðheilsusvið

Í **grunnskólum** hefur álag aukist vegna síbreytilegra aðstæðna. Álag hefur fylgt vinnuframlagi skólustjórnenda vegna aukaverkefna á borð við smitakningar. Einnig hefur ýmsum erfiðum málum fjölgað í skólum. Starfsfólk hefur fundið fyrir því að erfiðar aðstæður hjá börnum heima fyrir hefur skilað sér í neikvæðri hegðun í skólanum. Þetta hefur mikil áhrif á líðan starfsfólks. Starfsfólk er farið að finna fyrir langtímaþreytu sem gerir það erfiðara að takast á við erfið mál sem upp kunna að koma.

Mikil samvinna hefur verið varðandi stjórnunina og aðlögunina á hverjum tíma gagnvart sóttvarnareglum og hefur starfsfólk sýnt fram á mikla seiglu.

Í **tónlistarskólanum** hefur mátt greina aukna þreytu meðal starfsmanna. Bjartsýni var í haust en í byrjun ársins 2022 var komin fram aukin þreyta, vonleysi og meiri ótti við að veikjast. Gleði er enn til staðar en þreyta á ástandinu farin að segja til sín og áberandi að dregist hefur að gera framtíðaráform um kennslu.

Starfsfólk **leikskólanna** hefur rætt um neikvæð áhrif þess að hitta ekki kollega sína og hvað samkennd og samskipti í starfsmannahópnum hefur styrkjandi og styðjandi áhrif. Leitað hefur verið ýmissa leiða til að halda í samskipti, þar með talið fundi og fræðslu sem hafa færst á rafræna miðla.



Hafnarfjörður

Smitrakningar sem komu í hlut leikskólastjóra, oft utan við hefðbundinn vinnutíma, reyndu á stjórnendur og bættist við það hlutverk að halda góðum samskiptum við foreldra og leiða samvinnu vegna erfiðrar stöðu. Það reyndi á starfsfólk og stjórnendur þegar foreldrar virtu ekki sóttvarnareglur sem leiddi til smita. Mikið reyndi á leiðtogaþæfileika stjórnenda og lagði starfsfólk leikskóla sig allt fram um að halda skólastarfi gangandi.

Á **sundstöðum** hefur fjarvera vegna sóttkvíar og einangrunar starfsfólks haft í för með sér aukið álag á þá starfsmenn sem eru til staðar hverju sinni, einkum í formi aukavinnu. Álag hefur aukist við skipulagningu á vinnufyrirkomulagi og dregið hefur úr fyrirsjáanleika vegna aukinnar fjarveru starfsfólks. Tímavinnufólk hefur á stundum bjargað því að hægt hefur verið að hafa opið. Andlegt álag hefur aukist á starfsfólk vegna ótta um smit eða sóttkví bæði í gegnum gesti og samstarfsfólk.

Þjónustu og þróunarsvið

Fjöldatakmarkanir hafa haft á hrif á starfsemi safna með auknum verkefnum á starfsfólk t.d. við að telja inn. Starfsfólk nýtti stafrænar miðlunarleiðir til þess að koma ýmsu efni á framfæri og lengdi þannig líftíma sýninga og viðburða, og sýndi þannig útsjónarsemi og seiglu.

Takmarkanir hafa haft áhrif á samskipti og samveru starfsmanna sem hefur áhrif á starfsandann. Stöðugar breytingar á viðburðum, frestanir og að hætta við viðburði er farið að hafa áhrif á starfsfólk, en á sama tíma hefur starfsfólk fengið svigrúm til að sinna verkefnum sem annars hafa setið á hakanum.

Tölvudeild og þjónustuver

Fjarvinna ýtir undir meiri einangrun og hreyfingarleysi og aðstæður heima fyrir eru oft ekki sem best verður á kosið. Tölvudeildin hefur þurft að hraða ákveðnum verkefnum á kostnað annarra. Hraða stafrænum umbreytingum eins og rafrænum undirritunum sem fækkar heimsóknnum í þjónustuverið og skapar betri þjónustu fyrir íbúa.

Vegna hólfaskiptinga var sett upp sér símaver í þjónustuverinu. Það skapaði ákveðið næði og sýndi fram á að það sé betri kostur.

Samantekt

Félagsleg samskipti starfsmanna hafa minnkað sem hefur áhrif á vinnuanda og hafa starfsmenn þurft að aðlagast breytingum hratt. Endurskipulagning með stuttum fyrirvara veldur auknu álagi, streitu og eykur flækjustig og reynir það á getu starfsmanna til að aðlagast breyttum aðstæðum hratt. Faraldurinn er farinn að reyna verulega á og langtímaálag farið að segja til sín, starfsfólk er margt orðið langþreytt og uppgefið sem getur lýst sér í ýmsum veikindum sem eru ekki tengd covid, sem svo aftur veldur auknu álagi á aðra.

Starfsfólk hefur þurft að aðlagast fljótt nýrri tækni sem hefur valdið óöryggi og auknu álagi en á sama tíma skilað sér í aukinni færni og þekkingu til að tileinka sér ný og jafnvel betri vinnubrögð. Sveigjanleiki við að takast á við ný verkefni hefur skapast, þar sem fólk hefur fengið tækifæri til að nýta styrkleika sína og hæfileika á nýjum og fleiri sviðum. Fjarvinna ýtir einnig undir aukið næði til að



Hafnarfjörður

vinna og fundir verða styttri og árangursríkari. Starfsfólk hefur þannig tekist á við þessar aðstæður af jákvæðni, útsjónarsemi og seiglu.

Það er engu að síður ljóst er að nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að hlúa vel að andlegri heilsu starfsmanna til að takast á við það álag sem hefur verið á störf þeirra síðustu ár og styðja þá í að byggja sig upp fyrir komandi tíma, þar sem stöðugar breytingar í vinnuumhverfinu blasa við okkur.